



UNGSVEIT SÍ

UNGSVEITIN SPILAR
SHOSTAKOVITSJ

23. SEPTEMBER
2018



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út mánudaginn 24. september kl. 19:00 á Rás 1.

Áætluð tímalengd tónleika:

Viatore: 14'

Sinfónía: 50'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



LAU **23** SEP 17:00

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

UNGSVEIT SÍ

UNGSVEIT SÍ

Daniel Raiskin

hljómsveitarstjóri

Bernharður Wilkinson

aðstoðarhljómsveitarstjóri

Bjarni Frímann Bjarnason

aðstoðarhljómsveitarstjóri

EFNISSKRÁ

Pēteris Vasks

Viatore (Hommage à Arvo Pärt, 2001, frumflutningur á Íslandi.)

Dmítríj Shostakovítsj

Sinfónía nr. 5 í d-moll, op. 47 (1937)

Moderato

Allegretto

Largo

Allegro non troppo

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



UNGSVEIT SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur vakið verðskuldaða athygli en sveitin hlaut viðurkenninguna Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2016.

Undanfarin níu ár hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins tekið þátt ár hvert á Ungsveitarnámskeiði Sinfóníuhljómsveitarinnar og náð framúrskarandi árangri. Í ár komu þrír hljómsveitarstjórar, Bernharður Wilkinson, Bjarni Frímann Bjarnason og Daniel Raiskin, ásamt hljóðfærалеikurum Sinfóníuhljómsveitarinnar að þjálfun hljóðfærалеikara Ungsveitarinnar sem á hinum fjölmörgu radd- og



Hljómsveitaræfingum gáfu tónlistarnemendum innsýn inn í hinn sífóníska heim eins og um atvinnumennsku væri að ræða.

Miklar kröfur eru gerðar um árangur Ungsveitarinnar og þótt ástríða fyrir verkefninu sé öllu ofar þá er gleðin á samverustundum Ungsveitarinnar mikið hjartans mál. Ungsveitin stendur þétt saman og bryddað er upp á alls kyns uppákomum, fræðslu og kynningum á æfingatíma sem stuðla að sterkari hópvitund.

Hljómsveitarstjórnir þrír munu vinna saman að 10 ára afmælisdagskrá Ungsveitarinnar á næsta ári en glæsileg dagskrá afmælisársins verður kynnt innan tíðar ásamt nýju fyrirkomulagi námskeiðsins.

Prufuspil fyrir Ungsveit 2019 verða haldin snemma á vorönn og vonumst við til að sem flestir verði með að ári.



ÁVARP KONSERT- MEISTARA

SÓLRÚN YLFA INGIMARSDÓTTIR

Sinfónía nr. 5 í d-moll var fyrsta verkið sem ég kynntist eftir Shostakovitsj en það var fyrir 6 árum á sérlega eftirminnilegum hvítasunnutónleikum sem ég flutti það fyrst opinberlega. Ég held að ein meginástæðan fyrir því að mér fannst sinfónían strax svona áhrifamikil, sé sú að ég kynntist verkinu smám saman í gegnum æfingaferlið fyrir tónleikana, og heyrði allar laglínurnar síndurtekið á æfingum. Það er einmitt eitt af því sem gerir það svo dásamlegt að fá að spila í sinfóníuhljómsveit. Maður kynnist öllum hinum hljóðfærunum sem voru alltaf svo fjarlæg og ólík eigin hljóðfæri, og lærir að hlusta á þau til að geta spilað saman. Tónverkin eru ekki síður fjársjóður, og að þessu sinni eru þau alls ekki af síðri endanum; sinfónían stórbrotna og hið kristaltæra og draumkennda *Viatore* eftir Vasks. Í verkunum er tekist á við allan tilfinningaskalann, sem kennir manni svo margt.

Að fá að læra undir handleiðslu virts hljómsveitarstjóra á borð við Daniel Raískin er heldur ekki tækifæri sem býðst á hverju horni. Það er líka sérlega áhugavert að vinna með listamanni sem þekkir sögu annars tónskáldsins svona vel, og hitt í eigin persónu! Ekki má gleyma að minnst á fróðleikinn sem Bernharður Wilkinson og Bjarni Frímánn Bjarnason laumuðu að okkur í æfingafærlinu. Að spila í hljómsveit er sameiginlegt markmið stjórnenda og flytjenda, og getur því verið mjög gefandi og krefjandi í senn.

Á hverju ári kveðja gamlir meðlimir og nýir taka við, en það er líka áskorun sem hefur gengið prýðilega að takast á við. Nýliðarnir sem hafa verið með okkur í ár hafa verið ótrúlega duglegir og drifandi. Það eru einmitt þeir sem munu að lokum taka alveg við, og þess vegna er Ungsveitin svo mikilvægt fræðslustarf í blómavasa Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Góða skemmtun!



DANIEL RAISKIN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daniel Raiskin hóf tónlistarnám á heimaslóðum í Sankti Pétursborg sex ára gamall og stundaði síðan framhaldsnám í víóluleik og hljómsveitarstjórn við tónlistarháskóla borgarinnar. Á þeim árum sótti hann einnig tíma hjá Mariss Jansons, Neeme Järvi, Milan Horvat, Woldemar Nelson og Jorma Panula. Tvitugur að aldri yfirgaf hann heimalandið og hélt til frekara náms í Amsterdam og Freiburg þar sem hann aflaði sér viðurkenningar sem einn af fremstu víóluleikurum Evrópu, bæði sem einleikari og kammersúsikant. Hann ákvað síðan að snúa sér alfarið að hljómsveitarstjórn og slóst brátt í hóp fremstu stjórnenda af yngri kynslóðinni.

Raiskin var aðalstjórnandi Rínar-fílharmóníunnar í Koblenz frá 2005 til 2016 og gegndi á árunum frá 2008 til 2015 sömu stöðu við Artur Rubinstein fílharmóníuna í Łódz í Póllandi. Hann kemur reglulega fram sem gestastjórnandi með hljómsveitum í Evrópu, Asíu og Ameríku og má þar nefna Fílharmóníusveitina í Belgrad, Sinfóníuhljómsveitirnar í Düsseldorf og Malmö, Mariinsky-hljómsveitina, Mozarteumhljómsveitina í Salzburg, Útvarpshljómsveitina í Prag og Fílharmóníusveitirnar í Varsjá og Shanghai. Raiskin tók í fyrra við stöðum aðalgestastjórnanda Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Belgrad og Sinfóníuhljómsveitarinnar í Tenerife, og fyrr í þessum mánuði tók hann við stöðu aðalstjórnanda hjá Sinfóníuhljómsveitinni í Winnipeg í Kanada.

Raiskin hefur látið að sér kveða í óperuheiminum. Svo nokkur dæmi séu tekin, þá stjórnaði hann fyrir nokkrum árum Minsk-hljómsveitinni í eftirminnilegri uppfærslu á *Don Giovanni* á Óperuhátíðinni í St. Margarethen í Austurríki. Óperunni *Carmen* stýrði hann hjá þýska óperufélaginu Opera Zuid og í Þjóðarleikhúsi Koblenz þar sem óperan *Nefið* eftir Shostakovitsj hljómaði einnig undir hans stjórn. Hljóðritanir Raiskins fyrir AVI-útgáfufyrirtækið með sellókonsertum eftir Korngold, Bloch og Goldschmidt ásamt Julian Steckel hlutu Echo Klassik-verðlaunin 2012 en nýlegar hljóðritanir hans af sinfóníu nr. 3 eftir Mahler og sinfóníu nr. 4 eftir Shostakovitsj hafa einnig hlotið lofsamlega dóma.

Daniel Raiskin kemur nú fram á Íslandi í fjórða sinn, en hann hefur tvívegis stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands auk þess sem hann stjórnaði tónleikum Ungsveitarinnar haustið 2017.



PĒTERIS VASKS

VIATORE

Lettneska tónskáldið Pēteris Vasks fæddist árið 1946 og stundaði fiðlu- og kontrabassanám á sínum yngri árum. Hann vakti fyrst athygli fyrir tónsmíðar sínar í kringum 1990, ekki síst fyrir atbeina fiðluleikarans Gidon Kremer sem hefur alla tíð verið dyggur stuðningsmaður hans. Í fyrstu verkum sínum var Vasks undir áhrifum frá Penderecki og Crumb, ekki síst þegar kom að notkun slembiaðferðar, en hann notaði einnig lettnesk þjóðlög í tónlist sinni. Náttúran hefur einnig haft ótvíræð áhrif á tónsköpun Vasks. Tónlist hans er kyrrlát, lagræn og aðgengileg, og hefur verið flutt víða á undanförunum áratugum.

Vasks hefur samið mikinn fjölda verka, meðal annars fimm strengjakvartetta, þrjár símfóníur, tvo fiðlukonserta og *Musica dolorosa* fyrir strengjasveit. Hann hefur hlotið ótal verðlaun fyrir tónlist sína, m.a. Cannes-verðlaunin árið 2004 og hefur þrívís hlotið lettnesku tónlistarverðlaunin. Hann var kjörinn meðlimur í Konunglegu sænsku tónlistarakademíunni árið 2004.

Vasks samdi *Viatore* árið 2001 og hefur verkið notið mikilla vinsælda og verið flutt víða. Ári síðar útsetti hann verkið fyrir orgel og hljómar það einnig oft í þeirri mynd. Sjálfur segir Vasks um verk sitt: „*Viatore* segir sögu ferðalangs sem kemur í þennan heim, vex og dafnar á lífsgöngu sinni, verður ástfanginn og kveður síðan. Ferð hans er uppljómuð, þökk sé stjörnum himinhvolfsins. Tónsmíðin er í einum þætti en í henni er teflt saman tveimur grunnhugmyndum. Stef ferðalangsins þróast og þrókast eftir því sem verkinu vindur fram. Stef eilífðarinnar breytist aftur á móti ekki neitt og er leikið *pianissimo*. *Viatore* er tileinkað Arvo Pärt, sem hefur verið leiðarljós mitt svo áratugum skiptir.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta mun vera Íslandsfrumflutningur á *Viatore*, en í annað sinn sem hljóm-sveitarverk eftir Vasks er leikið á Íslandi. Símfóníuhljómsveit Íslands lék verk hans, *Musica dolorosa*, á tónleikum í Háskólabíói árið 1999. Allnokkur einleiks- og kammerverk eftir Vasks hafa hljómað á Íslandi. Pēteris Vasks heiðrar Ungsveitina með nærveru sinni á tónleikumunum.



DMÍTRÍJ SHOSTAKOVITSJ

SINFÓNÍA NR. 5

Sjaldan hefur nokkurt tónskáld átt jafn mikið undir sviðtökum einnar tónsmíðar og þegar fimmta sinfónía Dmítríj Shostakovitsj (1906–1975) var flutt í fyrsta sinn í Leníngrad 21. nóvember 1937. Ráðamenn höfðu fylgst grannt með vandræðabarni sovéskrar tónlistar í tæp tvö ár, allt frá því að Jósef Stalín sá hina geysivinsælu óperu Shostakovitsj, *Lafði Makbed frá Mtsensk*, 28. janúar 1936. Hann gekk út í miðri sýningu og á þeirri nóttu varð ferill Shostakovitsj að engu. Í *Prövd*u, málgagni kommúnistaflokksins, birtist nafnlaus leiðaragrein, sem talið er að Stalín hafi haft hönd í bagga með að semja, og var fyrirsögn hennar „Óreiða í stað tónlistar“. Greinin er miskunnarlaus áráð á Shostakovitsj og tónlist hans, og hún jafngilti opinberri fordæmingu.

Í kjölfar árásarinnar í *Prövd*u var Shostakovitsj undir eftirliti og þess gætt að allt sem frá honum kæmi stæðist kröfur flokksins. Í desember 1936 var honum var gert að draga hina óvenjulegu fjórðu sinfóníu sína til baka, aðeins fáeinum dögum fyrir áætlaðan frumflutning. Yfirvöld heimtuðu að listamenn væru í takt við veruleika hinna vinnandi stétta og temdu sér það sem kallað var *sósíalrealismi* eða *félagslegt raunsei*. Raunsæistónverk átti að vera einfalt að gerð og uppsetningu, það átti að göfga alþýðuna og blása henni þrek í brjóst. Andstæða slíkrar listar var *formalismi*, þar sem form var tjáningu yfisterkara eða tónmálið of torskilið fyrir alþýðu manna. Formalismi varð helsta skammaryrði stjórnvalda um tónlist sem talin var óaðgengileg sovéskum verkalyð, með of mörgum ómstríðum tónum eða of fáum glaðværum köflum í dúr.

Um mitt ár 1937 hafði Shostakovitsj lokið við nýja sinfóníu, þá fimmtu, sem hann kallaði „listrænt svar sovéskis listamanns við réttmætri gagnrýni“. Á yfirborðinu er sinfónían áheyrileg og henni lýkur með tilþrifamiklum dúrkafla, en þó er ekki allt sem sýnist. Fyrstu þrjú þættirnir eru allir hádramatískir, hver á sinn hátt, og oft bregður fyrir nístandi sársauka. Það er ekki fyrr en í lokþættinum sem tekur að rofa til, en þó ekki nærri strax. Kaflinn hefst með hamagangi en smám saman breytir tónlistin um svip, verður tignarleg og björt eins og langþráður sigur sé í höfn. Slíka framvindu gátu forráðamenn flokksins túlkað eftir eigin höfði – hið vegvillta tónskáld hafði séð ljósið, ýtt hinum illa séða „formalisma“ til hliðar. Þó hafa margir bent á að síðustu blaðsíðurnar eru ekki jafnglaðlegar og ætla mætti heldur eru þær knúnar áfram af ógnvænlegri undiröldu. Meðan málblásarar leikja hetjumúsík eins og þeir eigi lífið að leysa hamast strengir,

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt fimmtu sinfóníu Shostakovitsj alls ellefu sinnum, fyrst í Háskólabíói 1970 undir stjórn Bohdans Wodiczko. André Previn stýrði verkinu í Laugardalshöll tveimur árum síðar. Sí hefur leikið sinfóníuna tvívegis í Eldborg; Vladimír Ashkenazy stjórnaði henni haustið 2011 og Yan Pascal Tortelier vorið 2017. Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands leikur verkið nú í annað sinn, en það hljómaði á fyrstu tónleikum sveitarinnar, í Háskólabíói haustið 2009.

tréblásarar og píanó á sömu nóttunni 252 sinnum. Sigurgleðin virðist fölsk, undir niðri býr ógn og kúgun.

Fræðimenn hafa undantekningarlaust látið í ljós efasemdir um að „endurminningabók“ Shostakovitsj, *Testimony*, sem Solomon Volkov ritaði og gaf út 1979, sé byggð á viðtölum við tónskáldið eins og Volkov heldur sjálfur fram. Of langt er að rekja það mál hér, en eitthvað virðist Volkov hafa að fela enda hefur hann ekki viljað veita svör við áleitnum spurningum um tilurð bókarinnar. Þó er oft vitnað í *Testimony* þegar kemur að lýsingu höfundarins á lokakafli fimmtu sinfóníunnar, enda er hún áhugaverð og í sjálfu sér trúverðug hvað sem öðru líður:

Ég held að það sé öllum ljóst hvað gerist í fimmtu sinfóníunni. Fögnuðurinn er þvingaður, hann verður til af ógn, rétt eins og í *Boris Godúnov* [óperu Músorgskíjs]. Það er eins og einhver berji þig með kylfu og segi: „Þú átt að fagna, þú átt að fagna“, og þú stendur skjálfandi á fætur, þrammar á brott og muldrar: „Ég á að fagna, ég á að fagna“. Hvers konar lokasigur er það? Sá sem ekki heyrir þetta hlýtur að vera algjör heimskingi.

Með fimmtu sinfóníu sinni fann Shostakovitsj eins konar meðalveg. Tónverkið féll sovéskum yfirvöldum í geð en speglaði um leið þann veruleika sem hann og milljónir annarra bjuggu við.

Árni Heimir Ingólfsson

VERKEFNI UNGSVEITAR SÍ

2009

Dmitríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 5
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

2010

Modest Músorgskíj: Nótt á Nornagnípu
Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 4
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

2011

Gustav Mahler: Sinfónía nr. 5
Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri

2012

Gustav Holst: Pláneturnar
Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri

2013

Hector Berlioz: Karnival í Róm
Claude Debussy: La mer
Edward Elgar: Sellókonsert
Sæunn Þorsteinsdóttir, einleikari
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

2014

Pjotr Tsjajkovskíj: Rómeó og Júlía
Modest Músorgskíj: Myndir á sýningu
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

2015

Dmitríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 10
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri

2016

Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 5
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri

2017

Ígor Stravinskíj: Vorblót
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

VERKEFNI UNGSVEITAR SÍ Á TECTONICS OG MYRKUM MÚSÍKDÖGUM

UNGSVEIT Á TECTONICS 2013

Robert Ashley: In memoriam... Crazy
Horse – sífónía fyrir blásara og
strengjahljóðfæraleikara
Stephen Montague: In memoriam Jim
Tenney fyrir stóran hóp hljóðfæra og/eða
radda
Ilan Volkov, hljómsveitarstjóri

UNGSVEIT Á TECTONICS 2014

Alvin Curran: Beams
Alvin Curran, hljómsveitarstjóri
Robyn Schulkowsky: Spunaverk
Robyn Schulkowsky, hljómsveitarstjóri

UNGSVEIT Á TECTONICS 2015

Hafdís Bjarnadóttir: Sveimur
Hafdís Bjarnadóttir, hljómsveitarstjóri

UNGSVEIT Á MYRKUM MÚSÍKDÖGUM 2017

John Luther Adams: Sila: The Breath of
the World
Daniel Bjarnason, hljómsveitarstjóri

Á DÖFINNI

FIM **27** SEP 19:30 FOS **28** SEP 19:30 LAU **29** SEP 17:00



ARI ELDJÁRN OG SINFÓ

ENDURTEKIÐ VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ara Eldjárns á þarsíðasta starfsári nutu geysilegra vinsælda. Uppselt var á þrenna tónleika í Eldborg og eftirspurn eftir miðum var slík að ákveðið var að endurtaka tónleikana í september 2018. Á þessum uppistandstónleikum fléttast saman óborganleg kímni gáfa og meistaraverk tónlistarinnar svo að úr verður sannkölluð eðlaskemmtun fyrir alla fjölskylduna. Hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson.

FIM **11** OKT 19:30



TSJAJKOVSKÍJ OG SHOSTAKOVITSJ

Japanska fiðlustjarnan Sayaka Shoji varð árið 1999 yngsti sigurvegari í sögu Paganini-keppninnar. Á tónleikumunum leikur hún einn dádasta fiðlukonsert allra tíma, þann sem Tsjajkovskíj samdi árið 1878 handa elskhuga sínum, fiðluleikaranum Josef Kutek. Glitrandi forleikur Bernsteins að óperettunni Candide er víðeigandi upptaktur að tónleikumunum enda er öld liðin frá fæðingu Bernsteins haustið 2018. Tíunda sinfónía Shostakovítsj er eitt hans vinsælasta verk enda hefur hún bæði að geyma ofsafengna dramatík og innilega ljóðrænu. Stjórnandi tónleikanna er ungstirnið Klaus Mäkelä.

FIM **18** OKT 19:30



LISIECKI SPILAR SCHUMANN

Kanadíski píanistinn Jan Lisiecki er rétt rúmlega tvítugur en ferill hans spannar heilan áratug. Hann vakti heimsathygli þegar hann lék píanókonsert Chopins á Chopinhátíðinni í Varsjá árið 2008, tólf ára gamall. Hér leikur hann hinn undurfagra og rómantíska píanókonsert Schumanns. Franski hljómsveitarstjórinn Bertrand de Billy þykir sérlega innblásinn stjórnandi og er með tvö hrífandi en sjaldheyrð verk í farteskinnu. Les offrandes oubliées (Gleymdar fórnargjafir) eftir Olivier Messiaen og Pohádka eða Ævintýri eftir tékkneska tónskáldið Josef Suk sem hljómar nú á Íslandi í fyrsta sinn.

FIN 25 OKT 19:30



NOBU & ASHKENAZY

Í nóvember heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónleikaferð um Japan. Hljómsveitin mun leika á 12 tónleikum víðsvegar um Japan, m.a. í Osaka, Nagoya og Hiroshima og Tókýó. Nú þegar er orðið uppselt á flesta tónleika sveitarinnar. Hljómsveitarstjóri verður Vladimir Ashkenazy, aðalheiðurshljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en hann hefur notið gífurlegra vinsælda í Japan um áratuga skeið. Píanistinn Nobu er einnig stórstjarna í heimalandi sínu og hefur komið fram í öllum helstu tónleikahöllum heims. Hann hefur verið blindur frá fæðingu en lætur það ekki aftra sér og lærir jafnvel erfiðustu verk píanóbókmenntanna eftir heyrn.

Tónleikarnir 25. október eru eins konar upphitun fyrir ferðalagið og er efnisskráin hin sama og flutt verður í Japan. Píanókonsert nr. 2 eftir Rakhmanínov er eitt vinsælasta tónverk allra tíma sem gefur Nobu óþrjótandi tækifæri til að sýna snilli sína. Sinfónía nr. 2 eftir Sibelius er sömuleiðis mikið meistaraverk enda var það hún sem þeytti tónskáldinu upp á stjörnuhimin sígildrar tónlistar. *Jökulljóð* samdi Þorkell Sigurbjörnsson árið 1998 sérstaklega að beiðni Ashkenazys og mun það einnig hljóma í Japansferð hljómsveitarinnar til þess að minnast þess að Þorkell hefði orðið átræður á árinu.

FIN 11 DES 19:30

SÍÐASTI BÆRINN Í DALNUM – BÍÓTÓNLEIKAR

Síðasti bærinn í dalnum er tímamótaverk í íslenskrri kvikmynda-sögu. Þessi fyrsta leikna kvikmynd Óskars Gíslasonar var frumsýnd árið 1950 og naut fádæma vinsælda. Tónlistina samdi Jórunn Viðar og var þetta fyrsta kvikmyndatónlist sem samin var á Íslandi við mynd í fullri lengd. Í tilefni af aldarafmæli Jórunnar, sem fæddist 7. desember 1918, verður myndin flutt við lifandi hljóðfæraleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímánn Bjarnason.



UNGSVEIT SÍ

23. SEPTEMBER 2018

1. FIÐLA

Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir
Nikodem Júlíus Frach
Axel Bergsson
Bergþóra Kristínardóttir
Olga Björk Ólafsdóttir*
Katrín Inga Gunnarsdóttir
Móeiður Una Ingimarsdóttir
Sara Karín Kristinsdóttir
Margrét Lára Jónsdóttir
Anna Soffía Hauksdóttir
Mark Reedman*
Martin Frewer*

2. FIÐLA

Maksymilian Haraldur Frach
Jakob Máni Eiríksson Schimmelman
Alda Áslaug Unnardóttir
Austin Ching Yu Ng
Leó Sakamoto-Kolbeinnsson
Helga Diljá Jörundsdóttir
Rosalía Hanna Canales Cederborg
Páll Viðar Hafsteinsson
Hekla Martinsdóttir Kollmar
Jóhanna Vigdís Guðjónsdóttir
Fanney Xiao Comte
Sigurlaug Eðvaldsdóttir*

VIÓLA

Steina Kristín Ingólfssdóttir
Auður Indriðadóttir
Finnur Jónsson
Þórhildur Magnúsdóttir
Þórunn Ósk Marinósdóttir*
Sarah Buckley*

SELLÓ

Þórey Einarsdóttir
Ágústa Bergrós Jakobsdóttir
Hulda Kristín Hauksdóttir
Heiðrún Inga Guðmundsdóttir
Steinunn María Þormar
Ragnheiður Helga Guðjónsdóttir
Ragnar Númi Gunnarsson
Elvar Bjarnason
Helga María Guðmundsdóttir
Rún Árnadóttir
Steiney Sigurðardóttir*

BASSI

Dagur Bjarnason
Snorri Skúlason
Ásthildur Helga Jónsdóttir
Ævar Örn Sigurðsson
Jacek Karwan*
Þórir Jóhannsson*

FLAUTA

Dagbjört Erla Kjartansdóttir
Hugrún Elfa Sigurðardóttir
Sigurlaug Björnsdóttir

ÓBÓ

Sigríður Arna Lund
Anna Luckas
Rögnvaldur Konráð Helgason

KLARÍNETT

Iðunn Kristínardóttir
Védís Helgadóttir
Símon Karl Sigurðarson

FAGOTT

Arna Marín Thorarensen
Emilía Rán Benediktsdóttir
Guðrún Erlendsdóttir

Hafey Lilja Hreinsdóttir
Berglind Bjarnadóttir

HORN

Guðmundur Andri Ólafsson
Erling Róbert Eydal
Þórunn Eir Pétursdóttir
Saga Rut Sunnevudóttir
Atli Sigurðsson
Daníel Kári Jónsson

TROMPET

Berglind Pétursdóttir
Kjartan Örn Styrkársson
Sigurrós Jóhannsdóttir
Ólafur Elliði Halldórsson

BÁSÚNA

Gunnar Helgason
Aurora Erika Luciano
David Bobroff*

TÚBA

Breki Sigurðarson

PÍANÓ & CELESTA

Herdís Ágústa Linnet

HARPA

Nanna Guðmundsdóttir
Katie Buckley*

ÞÁKUR

Þorvaldur Halldórsson

SLAGVERK

Örvar Erling Árnason
Alda Særós Bóasdóttir
Árni Jökull Guðbjartsson
Breki Freysson

*Hljóðfæraleikari úr Sinfóníuhljómsveit Íslands

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*

Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*

Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*

Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*

Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*

Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*

Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*

Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*

Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*

Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*

Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*

Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*

Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

SKÓLAKORTIÐ SNILLD Í HVERRI VIKU



Nemendur 25 ára og yngri fá miða á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands samdægurs á 1.700 kr. með Skólakorti Sinfóníunnar. Hægt er að fá miða hvar sem er í salnum eftir því hvað er laust.

Þú sækir um kortið í miðasölu Hörpu eða á sinfonia.is/skolakort

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

27. SEP 19:30
28. SEP 19:30
29. SEP 17:00

UPPISTAND!

ARI ELDJÁRN OG SINFÓ

Á uppistandstónleikum Ara Eldjárns og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fléttast saman óborganleg kímigáfa og meistaraverk tónlistarinnar svo að úr verður sannkölluð eðalskemmtun fyrir alla fjölskylduna. Hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson.

Tryggðu þér sæti!

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA